

# Tilbrigði

## í íslenskri setningagerð

### II. Helstu niðurstöður

#### Tölfræðilegt yfirlit

*Ritstjórar*

Höskuldur Þráinsson,  
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

*Aðrir höfundar*

Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,  
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,  
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,  
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Tania E. Strahan,  
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
Reykjavík 2015

*Tilbrigði í íslenskri setningagerð II*

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
[www.malvis.hi.is](http://www.malvis.hi.is)

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)  
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND  
<http://haskolautgafan.hi.is/>, [hu@hi.is](mailto:hu@hi.is)

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun  
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta  
eða í heild, án skriflegs leyfis  
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson  
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir  
Prentun: Litlaprent  
[www.prent.is](http://www.prent.is)

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

### Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

**Ásgrímur Angantýsson**, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú lektor við Háskólann á Akureyri: *asgrimur@unak.is*

**Ásta Svavarsdóttir**, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *asta@hi.is*

**Einar Freyr Sigurðsson**, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: *einarsig@babel.ling.upenn.edu*

**Eiríkur Rögnvaldsson**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *eirikur@hi.is*

**Guðrún Þórðardóttir**, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *gudrut@ismennt.is*

**Heimir Freyr Viðarsson**, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: *hfv3@hi.is*

**Hlíf Árnadóttir**, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hlifa@hi.is*

**Höskuldur Þráinsson**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hoski@hi.is*

**Jóhannes Gisli Jónsson**, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *jj@hi.is*

**Matthew J. Whelpton**, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *whelpton@hi.is*

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands (Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefningu lauk)

**Sigríður Sigurjónsdóttir**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *siggasig@hi.is*

**Sigrún Steingrímsdóttir**, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú kennari við Kvennaskólann í Reykjavík: *sigrumst@kvenmo.is*

**Tania E. Strahan**, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður Appen Butler Hill, Sydney: *tania.strahan@gmail.com*

**Theódóra A. Torfadóttir**, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *tat@hi.is*

**Þórhallur Eypórsson**, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *tolli@hi.is*

**Þórunn Blöndal**, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *thorumb@hi.is*

# Efnisyfirlit

## II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

<b>Inngangur að II. bindi</b>	
Hvað er í þessu bindi?	13
Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu?	13
Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi?	14
Summary	14
<b>6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)</b>	
<b>6.0 Inngangur</b>	15
<b>6.1 Gagnavinnslan</b>	15
<b>6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni</b>	20
<b>6.3 Vixlverkun breyta</b>	23
<b>6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum</b>	24
6.4.1 <i>Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal</i>	24
6.4.2 <i>Að búa til súlurit og línurit</i>	29
<b>6.5 Lokaorð</b>	32
Rit sem vísað er til í þessum kafla	32
Summary	32
<b>7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórunn Blöndal)</b>	
<b>7.1 Athugunarefnið</b>	33
7.1.1 <i>Þágufallshneigð</i>	33
7.1.2 <i>Nefnifallshneigð</i>	34
7.1.3 <i>Andlagsfall</i>	35
7.1.4 <i>Fallglötun og fallflutningur</i>	37
<b>7.2 Þágufallshneigð</b>	38
7.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	38
7.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	42
7.2.2.1 Aldur	42
7.2.2.2 Menntun	45
7.2.2.3 Kyn	48
7.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	49
7.2.4 <i>Samantekt</i>	51
<b>7.3 Nefnifallshneigð</b>	52
7.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	52
7.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	53
7.3.2.1 Aldur	53
7.3.2.2 Menntun	54
7.3.2.3 Kyn	55
7.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	55
7.3.4 <i>Samantekt</i>	56
<b>7.4 Andlagsfall</b>	57
7.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	57
7.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	59
7.4.2.1 Aldur	59
7.4.2.2 Menntun	62
7.4.2.3 Kyn	63
7.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	65
7.4.4 <i>Samantekt</i>	67

<b>7.5</b>	<b>Fallglötun og fallflutningur</b>	68
7.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	68
7.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	69
7.5.2.1	Aldur	69
7.5.2.2	Menntun	70
7.5.2.3	Kyn	71
7.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	71
7.5.4	<i>Samantekt</i>	72
<b>7.6</b>	<b>Lokaorð</b>	72
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	73
	<b>Summary</b>	75
<b>8.</b>	<b>Um þolmynd, germynd og það</b> (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson)	
<b>8.1</b>	<b>Athugunarefnið</b>	77
8.1.0	<i>Imgangur</i>	77
8.1.1	<i>Leppsetningar og skyld dæmi</i>	78
8.1.2	<i>Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar</i>	80
8.1.3	<i>Nýja þolmyndin</i>	82
<b>8.2</b>	<b>Leppsetningar og skyld dæmi</b>	84
8.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	84
8.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	86
8.2.2.1	Aldur	86
8.2.2.2	Menntun	87
8.2.2.3	Kyn	89
8.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	90
8.2.4	<i>Samantekt</i>	90
<b>8.3</b>	<b>Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar</b>	91
8.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	91
8.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	93
8.3.2.1	Aldur	93
8.3.2.2	Menntun	94
8.3.2.3	Kyn	96
8.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	97
8.3.4	<i>Samantekt</i>	99
<b>8.4</b>	<b>Nýja þolmyndin</b>	99
8.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	99
8.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	102
8.4.2.1	Aldur	102
8.4.2.2	Menntun	106
8.4.2.3	Kyn	108
8.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	110
8.4.4	<i>Samantekt</i>	115
<b>8.5</b>	<b>Lokaorð</b>	116
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	117
	<b>Summary</b>	118
<b>9.</b>	<b>Um vera að og vera búinn að</b> (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)	
<b>9.1</b>	<b>Athugunarefnið</b>	121
9.1.0	<i>Imgangur</i>	121
9.1.1	<i>Vera að í íþróttamáli</i>	123
9.1.2	<i>Útvíkkun framvinduhorfs</i>	124

9.1.3	Vera búinn að og hafa	126
<b>9.2</b>	<b>Vera að í íþróttamáli</b>	126
9.2.1	Almennt yfirlit	126
9.2.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	128
9.2.2.1	Aldur	128
9.2.2.2	Menntun	130
9.2.2.3	Kyn	131
9.2.3	Tengsl við búsetu	132
9.2.4	Samantekt	133
<b>9.3</b>	<b>Útvíkkun framvinduhorfs</b>	133
9.3.1	Almennt yfirlit	133
9.3.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	137
9.3.2.1	Aldur	137
9.3.2.2	Menntun	141
9.3.2.3	Kyn	142
9.3.3	Tengsl við búsetu	144
9.3.4	Samantekt	146
<b>9.4</b>	<b>Um vera búinn að og hafa</b>	147
9.4.1	Almennt yfirlit	147
9.4.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	147
9.4.2.1	Aldur	147
9.4.2.2	Menntun	148
9.4.2.3	Kyn	149
9.4.3	Tengsl við búsetu	149
9.4.4	Samantekt	150
<b>9.5</b>	<b>Lokaorð</b>	151
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	151
	<b>Summary</b>	152
<b>10.</b>	<b>Fornöfn (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan)</b>	
<b>10.1</b>	<b>Athugunarefni</b>	155
10.1.0	Imngangur	155
10.1.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	156
10.1.2	Langdræg afturbeyging	158
<b>10.2</b>	<b>Almennt yfirlit</b>	160
10.2.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	160
10.2.2	Langdræg afturbeyging	163
10.2.3	Samantekt	164
<b>10.3</b>	<b>Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	165
10.3.1	Aldur	165
10.3.2	Menntun	169
10.3.3	Kyn	170
10.3.4	Samantekt	171
<b>10.4</b>	<b>Tengsl við búsetu</b>	172
<b>10.5</b>	<b>Lokaorð</b>	173
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	174
	<b>Summary</b>	175
<b>11.</b>	<b>Hættir og tíðir (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)</b>	
<b>11.1</b>	<b>Athugunarefni</b>	177
11.1.0	Imngangur	177

11.1.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	179
11.1.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	180
11.1.3	<i>Tíðasamræmi</i>	181
<b>11.2</b>	<b>Almennt yfirlit</b>	182
11.2.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	182
11.2.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	184
11.2.3	<i>Tíðasamræmi</i>	188
11.2.4	<i>Samantekt</i>	189
<b>11.3</b>	<b>Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	190
11.3.1	<i>Aldur</i>	190
11.3.2	<i>Menntun</i>	193
11.3.3	<i>Kyn</i>	195
11.3.4	<i>Samantekt</i>	196
<b>11.4</b>	<b>Tengsl við búsetu</b>	197
<b>11.5</b>	<b>Lokaorð</b>	199
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	199
	<b>Summary</b>	200
<b>12.</b>	<b>Samræmi (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)</b>	
<b>12.1</b>	<b>Athugunarefni</b>	203
12.1.0	<i>Inngangur</i>	203
12.1.1	<i>Samræmi við nefnifallsandlag</i>	203
12.1.2	<i>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i>	205
12.1.3	<i>Samræmi við hlutaeignarfall</i>	207
12.1.4	<i>Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i>	208
<b>12.2</b>	<b>Samræmi við nefnifallsandlag</b>	209
12.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	209
12.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	211
	12.2.2.1 Aldur	211
	12.2.2.2 Menntun	213
	12.2.2.3 Kyn	214
12.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	215
12.2.4	<i>Samantekt</i>	215
<b>12.3</b>	<b>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</b>	216
12.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	216
12.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	218
	12.3.2.1 Aldur	218
	12.3.2.2 Menntun	218
	12.3.2.3 Kyn	219
12.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	220
12.3.4	<i>Samantekt</i>	220
<b>12.4</b>	<b>Samræmi við hlutaeignarfall</b>	221
12.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	221
12.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	222
	12.4.2.1 Aldur	222
	12.4.2.2 Menntun	222
	12.4.2.3 Kyn	223
12.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	223
12.4.4	<i>Samantekt</i>	224

<b>12.5 Samræmismörk</b>	225
12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	225
12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	225
12.5.2.1 Aldur	225
12.5.2.2 Menntun	226
12.5.2.3 Kyn	227
12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	227
12.5.4 <i>Samantekt</i>	228
<b>12.6 Lokaorð</b>	228
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	229
<b>Summary</b>	230
<b>13. Eignarsambönd</b> (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)	
<b>13.1 Athugunarefni</b>	233
13.1.1 <i>Staða eignarfor nafns og eignarfalls</i>	233
13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls</i>	234
13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i>	236
13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i>	237
13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfor nafn í tengdum liðum</i>	239
<b>13.2 Staða eignarfor nafns og eignarfalls</b>	239
13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	239
13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	240
13.2.2.1 Aldur	240
13.2.2.2 Menntun	241
13.2.2.3 Kyn	241
13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	241
13.2.4 <i>Samantekt</i>	242
<b>13.3 Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls</b>	242
13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	242
13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	244
13.3.2.1 Aldur	244
13.3.2.2 Menntun	247
13.3.2.3 Kyn	249
13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	250
13.3.4 <i>Samantekt</i>	253
<b>13.4 Ólafsfjarðareignarfallið</b>	253
13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	253
13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	253
13.4.2.1 Aldur	253
13.4.2.2 Menntun	254
13.4.2.3 Kyn	255
13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	256
13.4.4 <i>Samantekt</i>	258
<b>13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</b>	259
13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	259
13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	260
13.5.2.1 Aldur	260
13.5.2.2 Menntun	263
13.5.2.3 Kyn	264
13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	265
13.5.4 <i>Samantekt</i>	266



<b>13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarforanafn í tengdum liðum</b>	267
13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i>	267
13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	267
13.6.2.1 Aldur	267
13.6.2.2 Menntun	268
13.6.2.3 Kyn	269
13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	270
13.6.4 <i>Samantekt</i>	270
<b>13.7 Lokaorð</b>	271
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	271
<b>Summary</b>	272
<b>14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)</b>	
<b>14.1 Athugunarefni</b>	275
14.1.0 <i>Inngangur</i>	275
14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	276
14.1.2 <i>Stílfærsla</i>	278
14.1.3 <i>Leppinnskot</i>	278
14.1.4 <i>Frumlagseyða</i>	279
<b>14.2 Almenn yfirlit</b>	280
14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	280
14.2.2 <i>Stílfærsla</i>	282
14.2.3 <i>Leppinnskot</i>	282
14.2.4 <i>Frumlagseyða</i>	283
14.2.5 <i>Samantekt</i>	283
<b>14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	284
14.3.1 <i>Aldur</i>	284
14.3.2 <i>Menntun</i>	288
14.3.3 <i>Kyn</i>	290
14.3.4 <i>Samantekt</i>	291
<b>14.4 Tengsl við búsetu</b>	292
<b>14.5 Lokaorð</b>	294
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	295
<b>Summary</b>	296
<b>15. Orðaröð í aukasetningum (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)</b>	
<b>15.1 Athugunarefni</b>	299
15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i>	299
15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i>	300
15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i>	302
15.1.4 <i>S2 og S3 í nafnháttarsamböndum</i>	303
<b>15.2 Brottfall og innskot tengingar</b>	303
15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	303
15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	305
15.2.2.1 Aldur	305
15.2.2.2 Menntun	305
15.2.2.3 Kyn	306
15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	307
15.2.4 <i>Samantekt</i>	308
<b>15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</b>	308
15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	308

15.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	313
15.3.2.1	Aldur	313
15.3.2.2	Menntun	315
15.3.2.3	Kyn	316
15.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	317
15.3.4	<i>Samantekt</i>	319
<b>15.4</b>	<b>Innskots-að og staða sagnar</b>	319
15.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	319
15.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	321
15.4.2.1	Aldur	321
15.4.2.2	Menntun	322
15.4.2.3	Kyn	323
15.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	323
15.4.4	<i>Samantekt</i>	325
<b>15.5</b>	<b>S2, S3 og þolfall með nafnhætti</b>	325
15.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	325
15.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	326
15.5.2.1	Aldur	326
15.5.2.2	Menntun	326
15.5.2.3	Kyn	326
15.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	327
15.5.4	<i>Samantekt</i>	327
<b>15.6</b>	<b>Lokaorð</b>	327
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	328
	<b>Summary</b>	329
<b>16. Ýmislegt</b>	(Höskuldur Bráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)	
<b>16.1</b>	<b>Athugunarefni</b>	331
16.1.1	<i>Útkomuumsagnir</i>	331
16.1.2	<i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i>	333
16.1.3	<i>Ósögð aukafallsfrumlög</i>	334
16.1.4	<i>Staða agna</i>	335
16.1.5	<i>Tvöföldun forsetinga, strand og lokkun</i>	336
16.1.6	<i>Ýmis atriði tengd formöfnum og töluorðum</i>	337
<b>16.2</b>	<b>Útkomuumsagnir</b>	338
16.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	338
16.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	340
16.2.2.1	Aldur	340
16.2.2.2	Menntun	341
16.2.2.3	Kyn	342
16.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	343
16.2.4	<i>Samantekt</i>	343
<b>16.3</b>	<b>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</b>	344
16.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	344
16.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	344
16.3.2.1	Aldur	344
16.3.2.2	Menntun	345
16.3.2.3	Kyn	346
16.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	346
16.3.4	<i>Samantekt</i>	346
<b>16.4</b>	<b>Ósögð aukafallsfrumlög</b>	347
16.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	347

16.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	347
16.4.2.1	Aldur	347
16.4.2.2	Menntun	348
16.4.2.3	Kyn	349
16.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	349
16.4.4	<i>Samantekt</i>	349
<b>16.5</b>	<b>Staða agna</b>	350
16.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	350
16.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	350
16.5.2.1	Aldur	350
16.5.2.2	Menntun	351
16.5.2.3	Kyn	351
16.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	352
16.5.4	<i>Samantekt</i>	352
<b>16.6</b>	<b>Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun</b>	352
16.6.1	<i>Almennt yfirlit</i>	352
16.6.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	353
16.6.2.1	Aldur	353
16.6.2.2	Menntun	354
16.6.2.3	Kyn	355
16.6.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	355
16.6.4	<i>Samantekt</i>	356
<b>16.7</b>	<b>Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluorðum</b>	356
16.7.1	<i>Almennt yfirlit</i>	356
16.7.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	358
16.7.2.1	Aldur	358
16.7.2.2	Menntun	359
16.7.2.3	Kyn	360
16.7.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	360
16.7.4	<i>Samantekt</i>	361
<b>16.8</b>	<b>Lokaorð</b>	362
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	363
	<b>Summary</b>	364

## 10. Fornöfn

Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan

### 10.1 Athugunarefnið

#### 10.1.0 Inngangur

Í þessum kafla er gerð grein fyrir helstu atriðum sem tengdust fornöfnum í Tilbrigðaverkefnum. Megináherslan er á „verkaskiptingu“ afturbeygðra fornafna og persónufornafna, ef svo má segja. Það atriði hefur verið rannsakað mikið í fjölmörgum tungumálum og hlutverkaskipting afturbeygðra fornafna og persónufornafna í íslensku er reyndar eitt af þeim einkennum málsins sem hafa vakið hvað mesta athygli í alþjóðlegri umræðu málvísindamanna (sjá t.d. yfirlit hjá Höskuldi Þráinssyni 2007:483 o.áfr.). Meðal þeirra setningagerða sem hér skipta máli má nefna þessar:

- (10.1) a. Ég skilaði **Haraldi**<sub>i</sub> bókinni **sinni**<sub>i</sub>.  
b. **Maria**<sub>i</sub> heldur að þú elskir **sig**<sub>i</sub>.

Hér er lítið niðurskrifað <sub>i</sub> notað til að tákna að fornöfnið í þessum setningum séu **samvisandi** (e. *coreferential*) eða **sammerkt** (e. *coindexed*) við feitletruðu nafnorðin (nöfnin) sem fara á undan þeim, þ.e. eigi að vísa til sama einstaklings. Í samræmi við þá venju sem hefur skapast í íslensku málfræðiumræðu undanfarna áratugi eru nafnorðin sem fara á undan fornöfnum í slíku samhengi kölluð **undanfarar** (e. *antecedents*, sbr. t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:516 o.áfr.). Varðandi setningar eins og (10.1a) er þá spurningin sú hvort unnt sé að hafa (óbeint) andlag sem undanfara fyrir afturbeygt fornafn (hér afturbeygt eignarfornafn). Þetta er nokkuð mismunandi eftir tungumálum og grunur lék á að íslenskir málnotendur væru ekki á eitt sáttir um þetta. Í (10.1b) er afturbeygða fornafnið hins vegar inni í aukasetningu (skýringarsetningunni sem hefst á *að*) en undanfarinn er fyrir utan hana. Þess háttar setningagerð er oft kölluð **langdræg afturbeyging** (e. *long distance reflexivization*). Hún er ótæk í mörgum tungumálum en hefur yfirleitt verið talin eðlilegt mál í íslensku þótt hún sé háð ýmsum skilyrðum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:522–523). Okkur langaði m.a. að vita hvort þessi skilyrði kynnu að vera að breytast.

Í öðru lagi gildir sú regla yfirleitt að sé frumlag undanfari fornafns sem er innan sömu (smæstu) setningar þá getur þetta fornafn ekki verið venjulegt persónufornafn ef til er samsvarandi afturbeygt fornafn heldur verður að nota afturbeygða fornafnið. Þetta er sýnt í (10.2):<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Með orðalaginu „ef til er samsvarandi afturbeygt fornafn“ er vísað til þess að safn afturbeygðra fornafna er nokkuð mismunandi í ólíkum tungumálum. Í íslensku eru t.d. bara afturbeygð fornöfn í þriðju persónu og í ensku eru engin afturbeygð eignarfornöfn. Þetta skýrir þann mun á íslensku og ensku sem hér má sjá:

(i) a. Ég rakaði **mig**./\*I shaved **me**.

b. \***Hún**<sub>i</sub> tók bókina **hennar**<sub>i</sub>./She<sub>i</sub> took her<sub>i</sub> book.

Í *a*-dæminu er þess ekki kostur að hafa afturbeygt fornafn í íslensku setningunni því í íslensku er ekki til neitt afturbeygt fornafn fyrstu persónu og þess vegna er hægt að nota persónufornafnið *mig*. Í ensku setningunni gengur hins vegar ekki að nota persónufornafnið *me* heldur verður að nota afturbeygt fornafn fyrstu persónu, *myself*. Í *b*-dæminu er þetta svo á hinn veginn: Í íslensku er ekki hægt að nota eignarfall persónufornafnsins *hennar* heldur verður að

(10.2) Ólafur<sub>i</sub> rakaði \*hann<sub>i</sub>/sig<sub>i</sub>.

Ef fornafnið og undanfarinn eiga að vera samvísandi, eins og *vísarnir* (e. *indices*) sýna, gengur ekki að nota persónufornafnið heldur verður að nota afturbeygða fornafnið í staðinn, ef svo má segja. Þetta er stundum orðað svo að persónufornöfn og afturbeygð fornöfn séu í fyllidreifingu innan setninga. Þetta er þó ekki alveg undantekningarlaust í öllum tungumálum. Í dönsku hefur t.d. lengi verið alsíða að nota eignarfall persónufornafnsins *deres* og ekki afturbeygða eignarfor nafnið *sine* þegar frumlag er í fleirtölu:

(10.3) Pigerne<sub>i</sub> snakkede med deres<sub>i</sub> forældre.  
stúlkurnar töluðu við þeirra foreldra

Í ensku er líka hægt að finna dæmi á borð við þessi:

(10.4) John<sub>i</sub> found a snake near him<sub>i</sub>.  
Jón fann snák nálægt honum [þ.e. nálægt Jóni]

Með þetta í huga mætti e.t.v. ímynda sér að áður nefnd regla væri ekki heldur undantekningarlaus í íslensku.<sup>2</sup>

En snúum okkur nú að því að gera nánari grein fyrir þeim atriðum sem voru könnuð í Tilbrigðaverkefnum.

*10.1.1 Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum*

Í fyrsta lagi vildum við komast að því hvort allir málnotendur sættu sig við **andlag sem undanfara fyrir afturbeygt fornafn** eða hvort einhverjir vildu frekar nota persónufornafn í slíkum setningum. Til þess að skoða þetta bjuggum við til þrjú setningapör sem nálgudust það að vera lágmarkspör. Þau eru sýnd í (10.5) (skýringarnar sem fylgja innan hornklofa á eftir sumum setningunum voru hafðar með í spurningalistanum til að sýna hvernig bæri að skilja þær):

- (10.5) a. T3001 *Við erum búin að fá bókina sem okkur vantaði.*  
Við skiluðum **Haraldi** bókinni **sinni**.
- b. T3018 *Sigga kemur á bílnum mínum.*  
Skilaðu **Atla** bílnum **hans**. [hans = Atla]
- c. T3033 *Ég er búinn að hitta alla úr hópnunum.*  
Ég hitti **Rúnu** heima hjá sér.
- d. T3046 *Við náðum að tala við alla krakkana.*  
Við hittum **Mariu** heima hjá **henni**. [henni = Maríu]
- e. T3084 *Ég tók mikið af myndum í afmælinu.*  
Ég sendi **Helgu** eina mynd af sér.

---

nota afturbeygða eignarfor nafnið *sina* í þessu samhengi. Í ensku er aftur á móti ekkert slíkt afturbeygt eignarfor nafn til og því er hægt að nota fallmyndina *her* af persónufornafninu *she*.

<sup>2</sup> Sú regla sem er hér á dagskrá er stundum kölluð **bindilög mál B** og hún á m.a. að útiloka (við venjulegar aðstæður) að persónufornöfn séu samvísandi við frumlag þeirrar setningar sem þau eru í (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:524 o.áfr. og hjá Gísla Rúnari Harðarsyni 2008).

- f. T3089 *Við erum búin að sýna krökkunum myndirnar.*  
Við sýndum Nönnu mynd af **henni**. [henni = Nönnu]

Í öðru lagi vildum við skoða hvort einhverjir sættu sig við að hafa **undanfara** afturbeygðs fornafns inni í forsetningarlið eða hvort fornafnið yrði að vera persónufornafn í slíkum tilvikum. Samkvæmt sumum kenningum um dreifingu fornafna ættu að vera nokkuð skýrar línur í þessu, þ.e. afturbeygt fornafn ætti ekki að geta haft slíkan undanfara. Viðkomandi lágmarkspar er sýnt í (10.6):

- (10.6) a. T3056 *Ég tók viðtal við alla í fyrirtækinu.*  
Ég ræddi við **forstjórann** á skrifstofunni **sinni**.  
b. T3068 *Við höfðum áhyggjur af skemmdarverkum í skólanum.*  
Við töluðum við **húsvörðinn** í herberginu **hans**.  
[hans = húsvardarins]

Þetta voru helstu setningar sem voru notaðar til að kanna afstöðu fornafna til undanfara sem eru ekki frumlag.

Í innganginum hér á undan (kafla 10.1.0) var rifjað upp að venjulega er ótækt að láta persónufornafn vísa til frumlags þeirrar setningar sem það er í og venjulega er „skylda“ að nota afturbeygt fornafn þegar þannig stendur á, ef þess er kostur. Frá þessu má þó finna nokkrar undantekningar í nágrannamálunum og við höfðum þess vegna áhuga á að skoða hvort finna mætti undantekningu frá þessari meginreglu í máli einhverra Íslendinga (sjá líka Gísla Rúnar Harðarson 2008). Setningarnar sem við notuðum í þessum tilgangi eru sýndar í (10.7):

- (10.7) a. T3010 *Systkinin fengu að velja sér bók í bókabúðinni.*  
Lóa sýndi strax öllum bókina **hennar**. [hennar = Lóu]  
b. T3026 *Stelpurnar urðu efstar á mótinu.*  
Á myndinni halda þær á bikarnum **þeirra**. [þeirra = stelpnanna]  
c. T3027 *Stína er ofsalega flughrædd.*  
**Hún** er alveg eins og mamma **sín**.  
d. T3081 *Óli er mjög hræddur við hesta.*  
**Hann** er alveg eins og pabbi **hans**. [hans = Óla]  
e. ÞK3.2 *Ástu brá rosalega.*  
**Hún** sá rottu beint fyrir framan **hana** [= Ástu] /sig/sjálfa sig.

Eins og sjá má var síðasta dæmið sett upp sem val á milli þriggja kosta.

Í sumum tungumálum eru til bæði einföld og samsett afturbeygð fornöfn. Þegar svo stendur á er dreifing þessara afbrigða yfirleitt ekki sú sama. Þannig er þessu háttáð í íslensku (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:533–534). Við höfðum reyndar ekki sérstakar ástæður til að ætla að þarna væri verulegan breytileika að finna, en vegna þeirrar athugunar á svokallaðri langdrægri afturbeygingu sem lýst verður hér á eftir þótti nauðsynlegt að prófa einhver dæmi um notkun þessara fornafna í einföldum setningum. Þau eru sýnd í (10.8):

- (10.8) a. T3012 *Kastljósið var dálítið skemmtilegt í gærkvöldi.*  
**Ráðherrann** mismælti **sjálfan sig**.  
b. TK3.2 *Mér finnst Helgi dálítið skrytinn.*  
**Hann** talar svo mikið við **sig/sjálfan sig**.

Eins og sjá má var síðara dæmið sett upp sem val á milli tveggja kosta.

Loks má nefna að í viðtölum voru bornar undir dóm málnotenda nokkrar setningar þar sem afturbeygt fornafn hafði engan mállegan undanfara. Dæmin voru þessi (engar samhengissetningar voru notaðar):

- (10.9) a. V3.2 Sumt er bara gert fyrir sjálfan sig.
- b. V3.4 Í minni fjölskyldu er alltaf haldið upp á afmælið sitt.
- c. V3.7 Sögur af vinum sinum eru alltaf skemmtilegar.

Ein ástæðan fyrir því að þessi dæmi voru skoðuð var m.a. sú að í svokallaðri afturbeygðri þolmynd er ekki að sjá að afturbeygða fornafnið hafi neinn undanfara. Þar er um að ræða dæmi eins og þessi (sjá nánari umræðu í 8. kafla):

- (10.10) Svo var bara drifið sig á ball.

Eins og fram kom í 8. kafla (t.d. 8.3.1) taldi um það bil helmingur þátttakenda í fyrstu og þriðju könnun að þessi setning væri eðlilegt mál. Það varpar nokkru ljósi á eðli ópersónulegrar þolmyndar og þeirra skilyrða sem gilda um afturbeygð fornöfn. Í því sambandi má nefna að dæmi með afturbeygðum fornöfnum hafa stundum verið notuð til þess að styðja þá tilgátu að í nýju þolmyndinni (nýju ópersónulegu setningagerðinni) sé ósagt frumlag sem geti t.d. þjónað sem undanfari afturbeygðs fornafnis (sjá t.d. umræðu hjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling (2001:162 o.áfr.), Jóhannesi Gísla Jónssyni (2009:296) og Einari Frey Sigurðssyni (2012:47 o.áfr.)). Nánari vitneskja um þær reglur sem gilda um afturbeygð fornöfn er því áhugaverð að ýmsu leyti.

### 10.1.2 Langdræg afturbeyging

Segja má að megináherslan á rannsókn fornafna í Tilbrigðaverkefningu hafi verið á langdrægu afturbeygingunni svokölluðu. Í fyrsta lagi hafa margir málfræðingar fjallað um þetta fyrirbæri í íslensku á undanförunum árum og ekki verið á einu máli um það (sjá t.d. Maling 1984, Anderson 1986, Eirík Rögnvaldsson 1986, Halldór Ármann Sigurðsson 1990, Reuland og Sigríði Sigurjónsdóttur 1997, Höskuld Þráinsson 1990, 1991, 1992, 2007 (9. kafli), 2015). Í öðru lagi höfðum við rökstuddan grun um að hömlur á notkun hennar kynnu að vera að breytast. Auk þess hafa nýlegar rannsóknir sýnt meiri tilbrigði á þessu sviði í nágrannamálunum en áður var vitað um (sjá t.d. Strahan 2011 og umræðu í 24. kafla þessa rits).

Lengi hefur verið talið að langdræg afturbeyging í skýringarsetningum í íslensku væri í máli flestra háð því að þær stæðu í viðtengingarhætti (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:522–523, Jón G. Friðjónsson 2005, sbr. hins vegar Halldór Ármann Sigurðsson 1990). Þörin í (10.11) áttu að kanna hvort málnotendur væru sammála um þetta:

- (10.11) a. T3002 *Þú mátt ekki reyna svona við strákana.*  
**Gunnar** fer að halda að þú elskir sig.
- b. T3020 *Þú verður að hætta að senda þessi skilaboð.*  
**Rúna** fer að halda að þú elskir hana. [hana = Rúnu]
- c. T3037 *Jón hefur engar áhyggjur af þessu.*  
**Hann** veit að þú elskar sig.
- d. T3059 *Ég held að þetta valdi engum misskilningi.*  
**Haraldur** veit að þú elskar hann. [hann = Harald]

- e. T3097 *Ég kom með nýju myndavélina mína í skólann.*  
**Ólafur** vildi að ég tæki mynd af sér.
- f. T3102 *Ég stalst til að taka myndir á tónleikumum.*  
**Dóra** vissi að ég tók mynd af sér.
- g. T3115 *Þú verður að tala við Maríu.*  
**Hún** segir að þú hatir sjálfa sig.

Í dæmum *a* og *b* er viðtengingarháttur í aukasetningunni (*elskir*) og með því að bera þær saman má sjá hvort þátttakendum fellur betur við (langdræga) afturbeygða fornafrnið *sig* eða persónufornafrnið *hana* í þessu samhengi. Í dæmum *c* og *d* er framsöguháttur í aukasetningunni (*elskar*) og þar má þá líka bera saman viðtökur við afturbeygða fornafrninu *sig* og persónufornafrninu *hana*. Um leið má svo bera saman *a* og *c* til að skoða hvort hátturinn hefur áhrif á afstöðuna til langdræga afturbeygða fornafrnsins eða ekki — og eins má þá bera saman *b* og *d* til að skoða áhrif háttarins á viðtökur persónufornafrnsins (*hana, hann*). Dæmi *e* og *f* eru svo nálægt því að vera lágmarkspör því í öðru tilvikinu er viðtengingarháttur í aukasetningunni (*tæki*) en hinu framsöguháttur (*tók*) en í báðum er (langdrægt) afturbeygt fornafrni (*sér*). Loks var *g*-dæmið haft með til að kanna hvort einhverjir gætu notað samsetta afturbeygða fornafrnið *sjálfa(n) sig* sem langdrægt afturbeygt fornafrni, en til þessa hefur verið talið að það gengi ekki í íslensku (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:534).

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram að það skipti máli fyrir langdræga afturbeygingu hvort undanfarinn er fleirtöluorð (t.d. *þeir, strákarnir*) eða samsettur liður (t.d. nöfn tengd með *og* eins og *Jón og Ari*). Langdræg afturbeyging átti samkvæmt því að vera eðlilegri ef um fleirtöluorð væri að ræða (sjá t.d. Ástu Svavarsdóttur og Margréti Jónsdóttur 2009:193). Dæmin í (10.12) voru samin til að kanna hvort margir hefðu tilfinningu fyrir þessu, en þar er sögnin í aukasetningunni í viðtengingarhætti í öllum tilvikum:

- (10.12) a. T3042 *Strákarnir eru mjög reiðir við þig.*  
**Þeir** segja að þú hafir svikið sig.
- b. T3052 *Það er mikil óánægja í flokknum.*  
**Jón og Ari** segja að þú hafir svikið sig.
- c. T3064 *Það skilur enginn hvernig þú vannst keppnina.*  
**Strákarnir** halda að þú hafir platað þá.      [[þá = strákana]
- d. T3078 *Þú verður að biðjast afsökunar.*  
**Óli og Skúli** halda að þú hafir platað þá.      [[þá = Óla og Skúla]

Í þriðja lagi var kannað hvort einhverjir þátttakendur sættu sig við langdræg afturbeygd fornöfn í atvikssetningum eða tilvísunarsetningum.<sup>3</sup> Til að skoða þetta voru eftirtalin dæmi notuð:

<sup>3</sup> Hér er vert að benda á að dæmi eins og (i) eru ekki talin fela í sér langdræga afturbeygingu af því að í slíkum dæmum er gert ráð fyrir því að afturbeygða fornafrnið vísi til hins ósagða frumlags tilvísunarsetningarinnar en ekki nafniðar í möðursetningunni. Visarnir (e. *indices*) í eftirfarandi dæmum eiga að sýna þessa samvisun (ósagða frumlagið er hér táknað með *e*)

- (i) a. Strákurinn<sub>i</sub> [sem *e*<sub>1</sub> var að panta sér<sub>i</sub> miða á sýninguna] er kominn.  
 b. Ég talaði við strákinn<sub>i</sub> [sem *e*<sub>1</sub> var að panta sér<sub>i</sub> miða á sýninguna] er kominn.



- (10.13) a. T3073 *Ég veit að það verður skemmtilegt í afmælinu.*  
**Jói kemur ef þú býður sér.**
- b. T3105 *Kata getur verið mjög eigingjörn.*  
**Hún gerir bara það sem passar sér.**
- c. T3005 *Nýi formaðurinn í félaginu er svakalega ráðríkur.*  
**Hann gerir bara það sem hentar sjálfum sér.**
- d. T3092 *Þú ættir að bjóða vinnufélögum þínum í afmælið.*  
**Helga segir að hún komi ef þú bjóðir sér.**

Í *a*-dæminu er afturbeygða fornafnið inni í atvikssetningu (skilyrðissetningu) og sögnin í þeirri setningu er í framsöguhátt (býður). Í *b*-dæminu er gerð tilraun með langdræga afturbeygingu „út úr“ tilvísunarsetningu og *c*-dæmið er sambærilegt að öðru leyti en því að þar er um samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfum sér* að ræða. Okkur þótti forvitnilegt að skoða hvort einhverjir samþykktu slík dæmi, m.a. vegna þess að nýlegar rannsóknir hafa sýnt að sumir Norðmenn geta borið sér svipuð dæmi í munn (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2007:490, Strahan 2003, 2011, sbr. líka 24. kafla í III. bindi þessa verks). Loks er *d*-dæmið hliðstætt því fyrsta að öðru leyti en því að þar hefur sams konar málsgrein verið sett inn í skýringarsetningu á eftir *segja* (*segir að hún ...*) og það hefur áhrif á háttinn í atvikssetningunni (sögnin er nú í viðtengingarhátt, *bjóðir*). Ýmsar athuganir hafa sýnt að við slíkar aðstæður er hægt að hafa langdræg afturbeygð fornöfn inni í atvikssetningum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2007:468–469 og rit sem þar er vísað til), en auðvitað er ekki víst að allir sætti sig við slíkt.

## 10.2 Almenn yfirlit

### 10.2.1 Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum

Í töflu 10.1 er sýnt mat þátttakenda á setningum þar sem beint eða óbeint andlag er undanfari afturbeygðs fornafns annars vegar og persónufornafns hins vegar (sjá dæmin í (10.5)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3001	Við skiluðum <b>Haraldi</b> bókinni <b>sinni</b> . <sup>4</sup>	62,3	17,1	20,6	100	620
b. T3018	Skilaðu <b>Atla</b> bílnum <b>hans</b> . [hans = Atla]	55,3	20,3	24,4	100	709
c. T3033	Ég hitti <b>Rúnu</b> heima hjá sér.	54,6	16,0	29,4	100	712
d. T3046	Við hittum <b>Maríu</b> heima hjá <b>henni</b> . [henni = Maríu]	80,5	10,4	9,1	100	713
e. T3084	Ég sendi <b>Helgu</b> eina mynd af sér.	64,8	14,6	20,6	100	710
f. T3089	Við sýndum <b>Nönnu</b> mynd af <b>henni</b> . [henni = Nönnu]	71,1	13,5	15,4	100	710

Tafla 10.1: Mat á setningum með andlagsundanfara.

Hér vekur kannski fyrst athygli að í öllum tilvikum telja yfir 50% þátttakenda að dæmin með afturbeygðu fornafni og andlagi sem undanfara (*a*, *c*, *e*) séu eðlilegt mál. Í fyrsta parinu telja fleiri dæmið með afturbeygða eignarfornafninu (*a*-dæmið) eðlilegt

<sup>4</sup> Allmargir slepptu að dæma þessa setningu þar sem það var galli í sumum ljósritunum (B-gerð eyðublaða sem voru notuð á ýmsum stöðum á landinu).

mál en samsvarandi dæmi með eignarfalli persónufornafns (*b*-dæmið). Í hinum þörunum tveim (*c* og *d*, *e* og *f*) eru það hins vegar fleiri sem telja persónufornafnið eðlilegt mál en afturbeygða fornafnið. Það verður forvitnilegt að skoða hvort þetta er eitthvað bundið kynslóðum eða búsetu.

Næsta athugunarefni var hvort einhverjir samþykktu að hafa **undanfara afturbeygðs fornafns inni í forsetningarlið**. Þetta mat er sýnt í *töflu 10.2* (sjá dæmin í (10.6)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3056	Ég ræddi við <b>forstjóran</b> á skrifstofunni <b>sinni</b> .	43,5	20,5	36,0	100	712
b. T3068	Við töluðum við <b>húsvörðinn</b> í herberginu <b>hans</b> . [hans = húsvardarins]	75,7	14,9	9,4	100	713

*Tafla 10.2: Mat á setningum þar sem undanfari fornafns er inni í forsetningarlið.*

Í þessu yfirliti kemur mest á óvart hversu margir samþykkja *a*-dæmið, þar sem undanfari afturbeygða fornafnsins er inni í forsetningarlið, en yfirleitt hefur verið talið að slíkt gengi ekki í íslensku (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:522). Kannski er þetta eitthvað að breytast.

Þá voru þátttakendur látnir meta nokkur dæmi með frumlagsundanfara þar sem talið var hugsanlegt að eitthvert val væri um afturbeygt fornafn eða persónufornafn. Yfirlit yfir niðurstöðurnar er sýnt í *töflu 10.3* (sjá dæmin með samhengi í (10.7)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3010	Lóa sýndi strax öllum bókina <b>hennar</b> . [hennar = Lóu]	17,6	19,7	62,6	100	709
b. T3026	Á myndinni halda þær á bikarnum <b>þeirra</b> . [þeirra = stelpnanna]	35,2	26,4	38,4	100	711
c. T3027	<b>Hún</b> er alveg eins og mamma <b>sin</b> .	75,4	6,9	17,7	100	711
d. T3081	<b>Hann</b> er alveg eins og pabbi <b>hans</b> . [hans = Óla]	50,4	19,9	29,7	100	710
e. ÞK3.2	<b>Hún</b> sá rottu					713
	beint fyrir framan <b>hana</b> [= Ástu].	1,1				
	beint fyrir framan <b>sig</b> .	95,9				
	beint fyrir framan <b>sjálfa sig</b> . <sup>5</sup>	1,1				

*Tafla 10.3: Mat á völdum setningum þar sem frumlag er undanfari fornafns.*

Hér má benda á nokkur atriði. Í fyrsta lagi eru það fleiri sem hafna eignarfalli persónufornafnsins en samþykkja það í dæmum *a* og *b*. Þó samþykkja um það bil tvöfalt fleiri fleirtöluna *þeirra* (*b*-dæmið) en eintöluna *hennar* (*a*-dæmið), en það minnir á danska kerfið sem áður var nefnt. Í þessu sambandi má benda á að samsvarandi þróun hefur orðið í færeysku (sjá t.d. Höskuld Þráinsson o.fl. 2004:327n). — Í öðru lagi vekur athygli hversu margir samþykkja *c*-dæmið. Það virðist að visu alveg í samræmi við almennar reglur um dreifingu fornafna (þ.e. ef undanfarinn er frumlag og fornafnið kemur síðar í setningunni ætti það að vera afturbeygt) en þrátt fyrir það hefur yfirleitt verið talið að eignarfall persónufornafnsins væri hér það

<sup>5</sup> Örfáir völdu einhverja tvo eða þrjá kosti saman — t.d. töldu 6 einstaklingar (0,8%) að þarna væri bæði hægt að nota *hana* og *sig*.

hefðbundna (sjá t.d. Jón G. Friðjónsson 2005). Ástæðan er kannski sú að margir skilji málsgreinar af þessu tagi eins og þær væru samsettar, þ.e. ‘... er eins og pabbi hans er’ (sjá umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:155), enda kemur í ljós að um helmingur þátttakenda telur að *d*-gerðin (sú með eignarfalli persónufornafnsins *hans*) sé eðlilegt mál, þannig að margir sætta sig greinilega við hvort tveggja. — Loks eru næstum allir þátttakendur sammála um að ... *beint fyrir framan sig* sé eðlilegasti kosturinn í e-dæminu, en þetta er hvergi nærri svona ótvírætt í ensku, eins og áður var nefnt.

Til að bera saman verkaskiptingu samsettra og ósamsettra afturbeygðra fornafa í einföldum málsgreinum voru aðeins skoðuð tvenns konar dæmi. Niðurstöðurnar eru sýndar í *töflu 10.4* (sjá setningarnar í heild í (10.8)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3012	Ráðherrann mismælti sjálfan sig.	8,9	12,7	78,5	100	711
b. TK3.2	Hann talar svo mikið					710
	við sig	0,8				
	við sjálfan sig	98,3				
	báðir kostir	0,8				

Tafla 10.4: Athugun á verkaskiptingu samsettra og ósamsettra afturbeygðra fornafa.

Eins og búist var við eru niðurstöðurnar hér mjög afgerandi: Mjög fáir samþykkja samsetta afturbeygða fornafið með sögninni *mismæla* en með *tala við* velja nánast allir þann kost.

Athugum loks hvernig dæmum með afturbeygð fornöfn án undanfara reiddi af í viðtölum. Yfirlit yfir það er sýnt í *töflu 10.5* (sjá (10.9)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. V3.2	Sumt er bara gert fyrir sjálfan sig.	0,0	38,5	61,5	100	13
b. V3.4	Í minni fjölskyldu er alltaf haldið upp á afmælið sitt.	20,0	6,7	73,3	100	15
c. V3.7	Sögur af vinum sínum eru alltaf skemmtilegar.	13,3	20,0	66,7	100	15

Tafla 10.5: Mat í viðtölum á dæmum með afturbeygðum fornöfnum án undanfara.

Mikill meirihluti hafnar öllum þessum dæmum og enginn taldi fyrsta dæmið (með samsetta afturbeygða fornafinu *sjálfan sig*) eðlilegt mál. Hin dæmin tvö fengu öllu skárri viðtökur, einkum *b*-dæmið sem fimmtungur þátttakenda taldi eðlilegt mál. Það er niðurstaða sem ekki er hægt að horfa framhjá með öllu, þótt fjöldi þátttakenda í þessum viðtölum hafi verið lítill eins og fram kemur í töflunni.

Að loknu þessu yfirliti um verkaskiptingu fornafa innan einfaldra málsgreina getum við snúið okkur að meginviðfangsefni kaflans, langdrægu afturbeygingunni.

## 10.2.2 Langdræg afturbeyging

Lítum fyrst á tengslin við viðtengingarhátt í fallsetningum (tafla 10.6, sbr. (10.11)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3002	<b>Gunnar</b> fer að halda að þú elskir sig.	<b>44,8</b>	18,2	37,0	100	710
b. T3020	<b>Rúna</b> fer að halda að þú elskir hana. [hana = Rúnu]	<b>82,3</b>	10,1	7,6	100	710
c. T3037	<b>Hann</b> veit að þú elskar sig.	32,4	17,0	<b>50,6</b>	100	712
d. T3059	<b>Haraldur</b> veit að þú elskar hann. [hann = Harald]	<b>90,0</b>	4,9	5,0	100	713
e. T3097	<b>Ólafur</b> vildi að ég tæki mynd af sér.	<b>84,2</b>	8,0	7,7	100	710
f. T3102	<b>Dóra</b> vissi að ég tók mynd af sér.	<b>42,2</b>	16,6	41,2	100	711
g. T3115	<b>Hún</b> segir að þú hatir sjálfa sig.	8,7	10,9	<b>80,4</b>	100	705

Tafla 10.6: Tengsl langdrægrar afturbeygingar við hátt.

Ef við lítum fyrst á langdrægu afturbeyginguna sjálfa sést að fleiri samþykkja hana en hafna henni þegar fallsetningin (skýringarsetningin) er í viðtengingarhátti (dæmi *a* og *e*), en þó eru það hátt í tvisvar sinnum fleiri sem samþykkja *e*-dæmið en *a*-dæmið, kannski af því að í *a*-dæminu er hjálparsagnasamband en í hinu ekki (*fer að halda að* vs. *vildi að*). Í öðru lagi sést að allmargir samþykkja langdræga afturbeygingu í skýringarsetningu með framsöguhátti (dæmi *c* og *f*). Þetta kemur á óvart miðað við flestar lýsingar á langdrægri afturbeygingu, þótt í *c*-dæminu séu þeir talsvert fleiri sem hafna langdrægu afturbeygingunni alveg. Í þriðja lagi má svo benda á að mun fleiri samþykkja persónufornafn en afturbeygt fornafn í þessum aukasetningum (dæmi *b* og *d*), sérstaklega þegar sögnin í aukasetningunni er í framsöguhátti (*d*-dæmið). Loks kemur ekki á óvart að langflestir hafna þeirri tilraun sem hér er gerð til að nota samsetta afturbeygða fornafníð í langdrægri afturbeygingu (*g*-dæmið).

Lítum þá næst á dóma þátttakenda um þær setningar þar sem undanfari (langdrægs) afturbeygðs fornafnis eða persónufornafnis í aukasetningu var ýmist fleirtöluorð eða samsettur nafniður (tengdir liðir). Yfirlit yfir þær setningar er sýnt í *töflu 10.7* (sbr. dæmin í (10.12)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3042	<b>Þeir</b> segja að þú hafir svikið sig.	<b>43,2</b>	17,1	39,8	100	709
b. T3052	<b>Jón og Ari</b> segja að þú hafir svikið sig.	38,8	17,1	<b>44,1</b>	100	712
c. T3064	<b>Strákarnir</b> halda að þú hafir platað þá. [þá = strákana]	<b>88,4</b>	6,6	5,0	100	713
d. T3078	<b>Óli og Skúli</b> halda að þú hafir platað þá. [þá = Óla og Skúla]	<b>88,8</b>	7,6	3,7	100	712

Tafla 10.7: Fleirtöluorð og samtengdir liðir sem undanfarar langdrægrar afturbeygingar.

Hér er að vísu tæplega fimm prósentustiga munur á fjölda þeirra sem telja *a*- og *b*-dæmin eðlilegt mál og aðeins fleiri hafna *b*-dæminu en telja það eðlilegt mál, en í heild má segja að fæstir geri þann greinarmun sem hér var verið að leita eftir.

Næsta athugunarefni var að hvaða marki þátttakendur gætu sætt sig við langdræga afturbeygingu í annars konar aukasetningum en fallsetningum (eða skýringarsetningum). Yfirlit yfir niðurstöðurnar er sýnt í *töflu 10.8* (sjá dæmin í heild í (10.13)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3073	<b>Jói</b> kemur ef þú býður sér.	3,9	6,3	<b>89,7</b>	100	712
b. T3105	<b>Hún</b> gerir bara það sem passar sér.	20,9	18,2	<b>60,8</b>	100	707
c. T3005	<b>Hann</b> gerir bara það sem hentar <b>sjálfum</b> sér.	22,9	17,2	<b>59,9</b>	100	708
d. T3092	<b>Helga</b> segir að hún komi ef þú bjóðir sér.	<b>44,1</b>	19,7	36,2	100	710

Tafla 10.8: Langdræg afturbeyging í atvikssetningum og tilvísunarsetningum.

Þetta eru nokkuð skýrar línur. Í fyrsta lagi hafna nánast allir langdrægu afturbeygingunni í atvikssetningunni (*a*-dæmið), eins og búist var við. Aftur á móti kemur dálítið á óvart að um fimmtungur þátttakenda samþykkir langdræga afturbeygingu í tilvísunarsetningu (dæmi *b* og *c*). Athygli vekur að í því tilviki þykir þátttakendum jafnvel betra að hafa samsetta afturbeygða fornafnið, en því var nánast algjörlega hafnað í hinna hefðbundnu langdrægu afturbeygingu í fallsetningu (sjá *g*-dæmið í *töflu 10.6*). Í þessu sambandi má nefna að svipuð dæmi hafa fundist í sumum norskum mállýskum, en norska hefur annars yfirleitt ekki sams konar langdræga afturbeygingu og íslenska (sjá t.d. Strahan 2011 og nánari umræðu og tilvísanir í 24. kafla). — Loks staðfesta viðtökur við *d*-dæminu það sem yfirleitt hefur verið sagt um langdræga afturbeygingu í íslensku: Séu atvikssetningar hluti af fyllilið sagna eins og *segja*, *telja* og *álíta* til dæmis (þ.e. hluti af *að*-setningu sem slíkar sagnir taka með sér), þannig að viðtengingarhátturinn sem þessar sagnir taka með sér smitist inn í atvikssetninguna, þá er líka hægt að hafa langdrægt afturbeygt fornafn inni í slíkri atvikssetningu. Fleiri þátttakendur samþykkja *d*-dæmið en hafna því og hlutfallið er mjög svipað því sem við sáum í sumum dæmum í fyrri töflum þar sem langdræg afturbeyging í fallsetningum átti í hlut (sbr. t.d. *a*-dæmið í *töflu 10.6* og *a*- og *b*-dæmið í *töflu 10.7*).

### 10.2.3 Samantekt

Í þessum kafla var sagt frá athugunum á ýmsum þáttum sem varða verkaskiptingu persónufornafna og afturbeygðra fornafna og á gildi þeirra reglna sem talið hefur verið að giltu um þessi atriði. Helstu niðurstöður má draga saman á þessa leið:

- Margir sætta sig við (óbeint) andlag sem undanfara afturbeygðs fornafns í ósamsettum málsgreinum (*tafla 10.1*).
- Þótt færri telji eðlilegt að undanfari afturbeygðs fornafns sé inni í forsetningarlið eru þeir þó fleiri en búist var við sem telja slíkt koma til greina (*tafla 10.2*).
- Yfirleitt gengur ekki að hafa frumlag sem undanfara fyrir eignarfall persónufornafns inni í einfaldri málsgrein, en þó finnst sumum það eðlilegra þegar undanfarinn er fleirtöluorð (*tafla 10.3*). Það minnir á þá reglu sem hefur verið í gildi í dönsku.
- Um 75% þátttakenda töldu dæmið *Hún er eins og mamma sín* eðlilegt mál en aðeins helmingur þátttakenda taldi eðlilegt að hafa persónufornafn í sams konar stöðu (*tafla 10.3*). Þetta er öfugt við það sem hefur verið kennt í skólum.
- Ekkert kom á óvart í dómum þátttakenda um verkaskiptingu ósamsettra og samsettra afturbeygðra fornafna í einföldum málsgreinum (*tafla 10.4*).

- Yfirleitt sættu þátttakendur sig illa við dæmi þar sem afturbeygt fornafn hafði engan undanfara. Það var helst að þeir gætu viðurkennt dæmið *Í minni fjölskyldu er alltaf haldið upp á afmælið sitt* (tafla 10.5).
- Þótt langdræg afturbeygð fornöfn í skýringarsetningum í viðtengingarhætti fengu stundum mjög góða dóma (t.d. *Ólafur vildi að ég tæki mynd af sér*) virðast sumir þátttakendur hrifnari af því að nota persónufornafn í þess háttar samhengi (t.d. *Rína fer að halda að þú elskir sig/hana*).
- Eins og búist var við eru þeir mun fleiri sem telja eðlilegt mál að hafa langdræg afturbeygð fornöfn í skýringarsetningu með viðtengingarhætti en framsöguháttarsetningu (á eftir *vita*) betri dóma en búist var við (tafla 10.6).
- Langdrægu samsettu afturbeygðu fornafni var hafnað, eins og búist var við (*Hín segir að þú hatir sjálfa sig*, sbr. töflu 10.6).
- Yfirleitt virðast þátttakendur ekki gera greinarmun á gæðum langdrægra afturbeygðra fornafna eftir því hvort undanfarinn er fleirtöluorð (t.d. *strákarnir*) eða samsettur nafnliður (t.d. *Óli og Skúli*, sbr. töflu 10.7).
- Langdrægu afturbeygðu fornafni í atvikssetningu og tilvísunarsetningu er hafnað, eins og vænta mátti, nema aukasetningin sé í samhengi óbeinnar ræðu (tafla 10.8).

Í aðalatriðum má því segja að niðurstöðurnar komi ekki á óvart. En nú er komið að því að skoða hvort mat á þessum dæmum tengist félagslegum breytum.

### 10.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn

#### 10.3.1 Aldur

Hér getum við byrjað á því að skoða **fornöfn með andlagsundanfara**. Aldursflokkun á niðurstöðunum er sýnd í töflu 10.9 (sbr. (10.5) og töflu 10.1):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3001	Við skiluðum <b>Haraldi</b> bókinni <b>sinni</b> .	61,5	<b>69,6</b>	57,9	59,4	.058	.151
b. T3018	Skilaðu <b>Atla</b> bílnum <b>hans</b> . [hans = Atla]	47,7	54,2	57,1	<b>63,6</b>	-.106	<b>.005</b>
c. T3033	Ég hittu <b>Rúnu</b> heima hjá <b>sér</b> .	45,3	50,8	57,1	<b>67,5</b>	-.165	<b>.000</b>
d. T3046	Við hittum <b>Mariu</b> heima hjá <b>henni</b> . [henni = Mariu]	73,6	78,8	<b>86,9</b>	84,2	-.112	<b>.003</b>
e. T3084	Ég sendi <b>Helgu</b> eina mynd af <b>sér</b> .	61,2	<b>71,3</b>	61,3	65,6	.001	.987
f. T3089	Við sýndum <b>Nönnu</b> mynd af <b>henni</b> . [henni = Nönnu]	63,0	67,0	73,1	<b>83,5</b>	-.159	<b>.000</b>

Tafla 10.9: *Jákvætt mat setningum með andlagsundanfara, flokkað eftir aldurshópum.*

Ekki verður sagt að hér birtist skýr mynd. Fylgnin nær því hvergi að vera meðalsterk ( $r$  yfir 0,3) og það er dálítið sitt á hvað hvaða aldursflokkur kann best að meta dæmin. Það má þó benda á að í öllum tilvikum þar sem fornafnið er persónufornafn (*b, d, f*) eru það frekar eldri hóparnir sem telja setninguna eðlilegt mál og í öllum þessum tilvikum er fylgnin marktæk við 0,01 markið. Þetta er óreglulegra þegar fornafnið er afturbeygt (*a, c, e*). Í einu tilviki (með sögninni *hitta* í *c*-dæminu) eru það líka frekar eldri hóparnir sem telja setninguna eðlilegt mál og þar er fylgnin reyndar einna mest og tölfræðilega

marktæk við 0,01 markið. En í hinum tilvikunum tveim eru það frekar yngri hóparnir sem kunna betur að meta afturbeygða fornafið þótt fylgnin sé lítil og munurinn ekki tölfræðilega marktækur. Þótt myndin sé ekki skýr bendir heildarniðurstaðan ekki til þess að notkun afturbeygðra fornafna með andlagsundanfara sé sérstaklega á undanhaldi.

Lítum næst á dæmin tvö þar sem undanfari fornafns var inni í forsetningarlið. Mat aldurshópanna á þeim er sýnt í töflu 10.10 (sjá dæmin í (10.6) og töflu 10.2):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3056	Ég ræddi við forstjóran á skrifstofunni sinni.	52,5	45,3	44,0	30,3	.157	.000
b. T3068	Við töluðum við húsvörðinn í herberginu hans. [= húsvardarins]	68,2	81,6	76,2	78,2	-.082	.029

Tafla 10.10: *Jákvætt mat á setningum með undanfara inni í forsetningarlið, flokkað eftir aldurshópum.*

Hér er myndin nokkuð skýr að því er dæmið með afturbeygða fornafninu varðar (*a*-dæmið): Yngri hóparnir setta sig frekar en þeir eldri við undanfara inni í forsetningarlið fyrir afturbeygt fornafn. Fylgnin er vel marktæk en veik, enda samþykkir hátt í þriðjungur elstu þátttakendanna þetta dæmi. Þetta gæti bent til breytingar í uppsiglingu, en auðvitað er lítið hægt að byggja á einu dæmi.

Þá er komið að því að skoða aldursbundna flokkun á mati valinna dæma þar sem frumlag er undanfari. Yfirlit má sjá í töflu 10.11 (sbr. dæmin í (10.7) og töflu 10.3):<sup>6</sup>

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3010	Lóa sýndi strax öllum bókina hennar. [hennar = Lóa]	34,5	11,3	13,1	8,5	.311	.000
b. T3026	A myndinni halda þær á bikarnum þeirra. [þeirra = stelpanna]	51,2	29,2	26,2	31,1	.175	.000
c. T3027	Hún er alveg eins og mamma sín.	92,0	91,6	76,8	36,0	.469	.000
d. T3081	Hann er alveg eins og pabbi hans. [hans = Óla]	42,3	30,2	56,5	76,5	-.259	.000

Tafla 10.11: *Jákvætt mat á völdum setningum þar sem frumlag er undanfari fornafns.*

Þessi mynd er jafnvel ennþá skýrari: Í *a*-dæminu er verið að skoða hvort þátttakendur geti haft eignarfall persónufornafns (*hennar*) samvísandi við frumlag setningarinnar og um þriðjungur yngsta hópsins getur það en mun færri í hinum hópnum, fæstir í þeim elsta. Fylgnin er meðalsterk (*r* nær 0,3) og mjög vel marktæk. Í *b*-dæminu er verið að athuga hvort þetta sé auðveldara þegar fleirtalan *þeirra* á í hlut (sbr. áður nefnda meginreglu í dönsku) og þar er hlutfallið hærra í öllum aldurshópum, m.a.s. þeim elsta, og það gæti þá bent til þess að hér væri um eldri breytingu að ræða. Fylgnistuðullinn verður því lægri þótt fylgnin sé ennþá mjög vel marktæk. Tvö síðustu dæmin, *c* og *d*, varða svo valið á milli *sín* og *hans* í samanburðarliðum. Í *c*-dæminu sker elsti hópurinn sig úr því þar samþykkja langfæstir afturbeygða fornafið en þeir eru flestir í yngsta hópnum og fylgni þessara dóma við aldur nálgast það að vera sterk (*r* yfir 0,5). Þetta

<sup>6</sup> Dæminu með ... *rottu beint fyrir framan hana/sig/sjálfa sig* er sleppt hér því yfir 90% í öllum aldurshópum völdu þar kostinn með *fyrir framan sig*.

snýst að nokkru leyti við í *d*-dæminu þar sem það er einkum elsti hópurinn sem telur setninguna eðlilegt mál og fylgnistuðullinn verður því með öfugum formerkjum. Þetta bendir til þess að hér sé ekki um alveg nýja breytingu að ræða þar sem hún hefur náð góðri fötfestu í öllum aldurshópum nema þeim elsta.


Ekki er ástæða til að skoða fylgni við aldur í fleiri setningagerðum í ósamsettum málsgreinum. Í staðinn snúum við okkur að **langdrægu afturbeygingunni** og skyldum atriðum. Þar getum við byrjað á því að skoða mat á dæmum þar með langdrægu afturbeygðu fornafni og geymt okkur samsvarandi dæmi með persónufornafni í sömu stöðu. Í yfirlitinu í *töflu 10.12* eru teknar með þær setningar úr *töflum 10.6–10.8* þar sem langdrægt afturbeygt fornafn var inni í fallsetningu (skýringarsetningu) (dæmin má sjá með viðeigandi samhengissetningum í (10.11)–(10.13)):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3002	<b>Gunnar</b> fer að halda að þú <b>elskir sig.</b>	45,8	<b>48,6</b>	42,3	42,1	.072	.055
b. T3097	<b>Ólafur</b> vildi að ég <b>tæki mynd af sér.</b>	78,0	<b>89,9</b>	85,6	84,1	-.049	.188
c. T3042	<b>Þeir</b> segja að þú hafir svikið <b>sig.</b>	40,7	<b>47,5</b>	39,9	44,8	.019	.612
d. T3052	<b>Jón og Ari</b> segja að þú hafir svikið <b>sig.</b>	38,8	35,8	<b>40,5</b>	40,2	.010	.797
e. T3092	<b>Helga</b> segir að hún komi ef þú bjóðir <b>sér.</b>	41,5	<b>49,2</b>	43,1	42,7	.034	.368
f. T3037	<b>Hann</b> veit að þú <b>elskar sig.</b>	<b>42,8</b>	30,5	31,5	22,9	.178	.000
g. T3102	<b>Dóra</b> vissi að ég <b>tók mynd af sér.</b>	<b>52,2</b>	45,3	43,1	25,6	.232	.000

Tafla 10.12: Tengsl langdrægrar afturbeygingar við hátt, flokkuð eftir aldri.

Hér eru býsna hreinar línur: Þegar langdræga afturbeygða fornafnið stendur inni í setningu með viðtengingarhætti eru aldursflokkarnir ágætlega sammála og enginn tölfræðilega marktækur munur á (dæmi *a–e*). En þegar afturbeygða fornafnið er í fallsetningu með framsöguhætti (dæmi *f–g*) kemur fram býsna skýr fylgni við aldur og mjög vel marktæk: Þótt fimmtungur til fjórðungur elsta hópsins telji tvö síðustu dæmin eðlilegt mál er hlutfallið hærra í hinum aldurshópunum og hæst í þeim yngsta. Munur aldurshópanna sést vel á *mynd 10.1* þar sem reiknuð hefur verið meðaleinkunn aldurshópanna fyrir þessi dæmi (meðaleinkunnin 1 myndi merkja ‘allir í hópunum hafna báðum dæmunum’ og meðaleinkunnin 3 ‘allir samþykkja bæði dæmin’). Ef fylgni þessara meðaleinkunna við aldur er reiknuð kemur í ljós að hún er  $-0,248$  (neikvæð af því að yngri hóparnir fá hærri meðaleinkunn á þessum kvarða) og mjög vel marktæk ( $p < 0,001$ ). Samanburður á meðaleinkunn hópanna með F-prófi (í ANOVA) gefur svipaða niðurstöðu:  $p = 0,000$ ,  $F_{(3, 710)} = 16,952$ ).





Mynd 10.1: Samanburður á meðaleinkunn aldurshópa fyrir langdræga afturbeygingu í fallsetningum með framsöguhætti.

Þetta bendir til þess að þarna sé að verða breyting á, þ.e. að tengslin milli langdrægrar afturbeygingar og viðtengingarháttar séu að veikjast. Forvitnilegt væri að að fylgjast með því hvort sú þróun heldur áfram eða hvort þessar vísbendingar sem hér má sjá fá stuðning úr öðrum áttum. Hér er reyndar bara um tvö dæmi að ræða og í báðum tilvikum er það sögnin *vita* sem stendur í móðursetningunni.

Hér má til samanburðar skoða mat á samsvarandi dæmum með persónufornafni í fallsetningunni. Yfirlitið er sýnt í töflu 10.13:

Númer	Setning	9. b	20-25	40-45	65-70	r	p
a. T3020	Rína fer að halda að þú elskir hana. [hana = Rínu]	75,6	81,8	85,7	87,3	-.111	.003
b. T3064	Strákarnir halda að þú hafir platað þá. [þá = strákana]	82,0	91,1	90,5	91,0	-.097	.010
c. T3078	Óli og Skúli halda að þú hafir platað þá. [þá = Óla og Skúla]	80,0	89,4	94,0	93,3	-.164	.000
d. T3059	Haraldur veit að þú elskar hann. [hann = Harald]	78,6	91,6	96,4	95,8	-.220	.000

Tafla 10.13 **Jákvætt mat** aldursflokkanna á persónufornöfnum „í stað“ langdrægra afturbeygðra forna.

Þessar setningar fá allar mjög jákvæða dóma eins og vænta mátti. Reyndar er yngsti hópurinn í öllum tilvikum með lægstu hlutfallstöluna og fylgni við aldur er tölfræðilega marktæk við  $p \leq 0,01$  markið í öllum dæmunum. Fylgnin er einna sterkust í síðasta dæminu og það tengist væntanlega því sem fram kom hér næst á undan: Í slíkum dæmum getur yngsti aldurshópurinn vel hugsað sér að hafa langdrægt afturbeygt forna. Þótt sögnin í aukasetningunni sé í framsöguhætti.

Lítum loks á aldursflokkað mat á dæmunum tveim með langdræg afturbeygð fornöfn inni í tilvísunarsetningu (sjá *b* og *c* í töflu 10.8 og *b* og *c* í (10.13)):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3105	<b>Hún</b> gerir bara það sem passar sér.	<b>31,2</b>	24,9	16,7	8,6	.276	<b>.000</b>
b. T3005	<b>Hann</b> gerir bara það sem hentar sjálfum sér.	<b>48,5</b>	28,2	4,2	4,8	<b>.498</b>	<b>.000</b>

Tafla 10.14: *Jákvætt mat aldurshópanna á langdrægri afturbeygingu inni í tilvisunarsefningu.*

Munurinn á milli aldurshópanna bendir til þess að hér sé nýjung á ferð og fylgnin er mjög vel marktæk: Eldri hóparnir hafna þessum dæmum, einkum því síðara, en yngri hóparnir kunna betur að meta þau. Næstum helmingur þátttakenda í yngsta hópnum telur síðara dæmið eðlilegt mál og þar nálgast fylgnin það að vera sterk ( $r = 0,5$  eða meira). Þessa tegund af „langdrægri afturbeygingu“ má líka finna í norsku, eins og áður var nefnt, og ef þessar vísbendingar standast frekari skoðun virðist hún vera að ryðja sér til rúms í íslensku (sjá nánari unnræðu í 24. kafla).

Næst verður skoðað hvort valin tilbrigði tengjast menntun þátttakenda.

### 10.3.2 Menntun

Í töflu 10.15 hefur mat á völdum setningagerðum með **fornöfnum í ósamsettum málsgreinum** verið flokkað eftir menntun þátttakenda. Hér hafa þær setningagerðir verið teknar með sem líklegast þótti, miðað við niðurstöður hér á undan, að gætu sýnt tilbrigði tengd menntun eða gætu verið áhugaverðust frá fræðilegu sjónarmiði, en þetta eru (sbr. yfirlitin í töflum 10.9–10.11 hér á undan):

- afturbeygd fornöfn með andlagsundanfara
- afturbeygd fornöfn með undanfara í forsetningarlið
- valin dæmi um fornöfn með frumlagsundanfara

Í þessari töflu hefur yngsta aldurshópnum verið sleppt til þess að koma í veg fyrir að aldursflokkunin hefði of mikil áhrif á niðurstöðurnar (yngstu þátttakendurnir hafa auðvitað aðeins grunnskólamenntun hver sem bakgrunnur þeirra er):

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T3001	Við skiluðum <b>Haraldi</b> bókinni <b>sinni</b> .	<b>67,4</b>	58,8	56,5	.098	.066
b. T3033	Ég hitti <b>Rínu</b> heima hjá sér.	<b>65,7</b>	54,2	46,2	.143	<b>.004</b>
c. T3084	Ég sendi <b>Helgu</b> eina mynd af sér.	<b>69,2</b>	66,4	59,0	.089	.075
d. T3056	Ég ræddi við <b>forstjóran</b> á skrifstofunni <b>sinni</b> .	<b>44,8</b>	39,8	32,1	.084	.095
e. T3068	Við töluðum við <b>húsvörðinn</b> í herberginu <b>hans</b> . [= húsvardarins]	<b>80,0</b>	80,0	<b>84,6</b>	-.039	.436
f. T3010	<b>Lóa</b> sýndi strax öllum bókina <b>hennar</b> . [hennar = Lóu]	<b>11,7</b>	10,7	9,0	.003	.959
g. T3026	Á myndinni halda <b>þær</b> á bikarnum <b>þeirra</b> . [þeirra = stelpnanna]	24,8	<b>32,2</b>	20,5	.056	.263
h. T3027	<b>Hún</b> er alveg eins og mamma <b>sín</b> .	65,4	<b>74,0</b>	67,9	-.017	.737
i. T3081	<b>Hann</b> er alveg eins og pabbi <b>hans</b> . [hans = Óla]	51,0	48,1	<b>56,4</b>	-.022	.658

Tafla 10.15: *Jákvætt mat á fornöfnum í ósamsettum málsgreinum, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér virðist menntunin hvergi afgerandi þáttur. Reyndar er fylgni við menntun marktæk miðað við  $p \leq 0,01$  markið í *b*-dæminu og dæmi *a-c* fá öll besta dóma hjá þeim sem minnsta menntun hafa þótt munurinn sé ekki tölfræðilega marktækur nema í þessu eina tilviki. Í öðrum dæmum er fylgnin ekki tölfræðilega marktæk og sáralítill.

Tafla 10.16 sýnir samsvarandi yfirlit yfir langdræga afturbeygingu (sbr. líka töflur 10.12 og 10.14 hér á undan). Þarna er litið á:

- langdræga afturbeygingu í fallsetningum með viðtengingarhætti
- langdræga afturbeygingu í fallsetningum með framsöguhætti
- langdræga afturbeygingu í tilvísunarsetningu

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T3002	<b>Gunnar</b> fer að halda að þú <b>elskir sig</b> .	43,3	43,0	<b>44,9</b>	-.004	.937
b. T3097	<b>Ólafur</b> vildi að ég <b>tæki</b> mynd af sér.	<b>89,5</b>	86,0	88,5	.018	.715
c. T3042	<b>Þeir</b> segja að þú hafir svikið <b>sig</b> .	39,0	42,7	<b>46,2</b>	-.031	.537
d. T3052	<b>Jón og Ari</b> segja að þú hafir svikið <b>sig</b> .	32,4	36,7	<b>39,7</b>	-.038	.452
e. T3092	<b>Helga</b> segir að hún komi ef þú bjóðir sér.	41,9	<b>49,1</b>	39,7	.010	.837
f. T3037	<b>Hann</b> veit að þú <b>elskar sig</b> .	28,6	<b>29,0</b>	23,1	.047	.351
g. T3102	<b>Dóra</b> vissi að ég <b>tók</b> mynd af sér.	<b>42,9</b>	40,9	26,9	.081	.105
h. T3105	<b>Hún</b> gerir bara það sem passar sér.	11,4	<b>20,1</b>	7,8	-.007	.889
i. T3005	<b>Hann</b> gerir bara það sem hentar <b>sjálfum</b> sér.	10,6	<b>16,9</b>	7,7	.020	.687

Tafla 10.16: *Jákvætt mat á langdrægri afturbeygingu, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er hvergi nein marktæk fylgni við menntun.

### 10.3.3 Kyn

Tafla 10.17 sýnir hvort mat á fornöfnum í ósamsettum málsgreinum hefur einhverja fylgni við kyn:

Númer	Setning	kk.	kvk.	r	p
a. T3001	Við skiluðum <b>Haraldi</b> bókinni <b>sinni</b> .	61,7	<b>63,0</b>	-.009	.822
b. T3033	Ég hitti <b>Rínu</b> heima hjá sér.	<b>55,6</b>	53,6	.032	.392
c. T3084	Ég sendi <b>Helgu</b> eina mynd af sér.	<b>65,7</b>	64,1	.020	.601
d. T3056	Ég ræddi við <b>forstjóran</b> á skrifstofunni <b>sinni</b> .	<b>44,5</b>	42,7	.008	.835
e. T3068	Við töluðum við <b>húsvörðinn</b> í herberginu <b>hans</b> . [= húsvardarins]	72,2	<b>79,1</b>	-.073	.050
f. T3010	<b>Lóa</b> sýndi strax öllum bókina <b>hennar</b> . [hennar = Lóu]	<b>22,5</b>	12,7	.123	.001
g. T3026	Á myndinni halda <b>þær</b> á bikarnum <b>þeirra</b> . [þeirra = stelpnanna]	<b>38,7</b>	31,9	.048	.205
h. T3027	<b>Hún</b> er alveg eins og mamma <b>sín</b> .	73,9	<b>76,7</b>	-.033	.380
i. T3081	<b>Hann</b> er alveg eins og pabbi <b>hans</b> . [hans = Óla]	<b>50,9</b>	49,9	.003	.940

Tafla 10.17: *Jákvætt mat á fornöfnum í ósamsettum málsgreinum, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér er fylgnin alls staðar sáralítill en þó á einum stað tölfraðilega marktæk við  $p \leq 0,01$  markið.<sup>7</sup>

Tafla 10.18 sýnir sams konar yfirlit fyrir langdræga afturbeygingu (sbr. töflu 10.16):

Númer	Setning	kk.	kvk.	r	p
a. T3002	<b>Gunnar</b> fer að halda að þú <b>elskir sig.</b>	<b>49,1</b>	40,7	.098	<b>.009</b>
b. T3097	<b>Ólafur</b> vildi að ég <b>tæki mynd af sér.</b>	83,0	<b>85,6</b>	-.026	.487
c. T3042	<b>Þeir</b> segja að þú hafir <b>svikið sig.</b>	<b>44,7</b>	41,8	.036	.334
d. T3052	<b>Jón og Ari</b> segja að þú hafir <b>svikið sig.</b>	<b>39,9</b>	37,7	.025	.509
e. T3092	<b>Helga</b> segir að hún komi ef þú <b>þjóðir sér.</b>	<b>45,7</b>	42,7	.035	.351
f. T3037	<b>Hann</b> veit að þú <b>elskar sig.</b>	<b>37,0</b>	28,2	.066	.078
g. T3102	<b>Dóra</b> vissi að ég <b>tók mynd af sér.</b>	<b>47,7</b>	37,0	.117	<b>.002</b>
h. T3105	<b>Hún</b> gerir bara það sem <b>passar sér.</b>	<b>21,2</b>	20,8	.011	.771
i. T3005	<b>Hann</b> gerir bara það sem <b>hentar sjálfum sér.</b>	<b>25,4</b>	20,2	.049	.197

Tafla 10.18: *Jákvætt mat á langdrægri afturbeygingu af ýmsum gerðum, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér er fylgni við kyn þátttakenda alls staðar mjög lítil. Karlarnir eru þó í nánast öllum tilvikum hrifnari af langdrægu afturbeygingunni en sá munur er ekki marktækur við 0,01 markið nema í tveim tilvikum (*a*- og *g*-dæmið). Benda má á að ekki er tölfraðilega marktækur munur á afstöðu kynjanna til langdrægrar afturbeygingar í tilvísunarsetningum (*h*- og *i*-dæmið). Þar virðist um nýjung að ræða, eins og áður var nefnt, og stundum eru konur brautryðjendur í málvarslegum nýjungum (sjá t.d. umræðu hjá Labov 2001b:279 o.áfr. og rit sem þar er vísað til).

#### 10.3.4 Samantekt

Í þessum undirkafla var litið eftir tengslum á mati þátttakenda við aldur þeirra, menntun eða kyn. Yfirleitt virtist menntun og kyn hafa lítil áhrif en í sumum tilvikum voru marktæk tengsl við aldur. Það átti þó ekki alltaf við.

- Mat á setningum með andlagsundanfara fyrir afturbeygð fornöfn sýndi enga skýra fylgni við aldur (tafla 10.9).
- Ungir þátttakendur voru heldur jákvæðari en þeir eldri í dómum um setningar þar sem undanfari afturbeygðs fornafns var inni í forsetningarlið (tafla 10.10).
- Ungir þátttakendur voru heldur jákvæðari en þeir eldri í dómum um setningar þar sem frumlag var undanfari persónufornafns í eignarfalli, einkum þegar um var að ræða frumlag í eintölu (tafla 10.11).
- Ekki var skýr munur á mati aldurshópa á setningum með langdrægu afturbeygðu fornafni í viðtengingarháttarsetningum. Aftur á móti voru þeir yngri marktækt líklegri til að samþykkja langdræga afturbeygingu í framsöguháttarsetningum (tafla 10.12 og mynd 10.1).
- Þeir yngri voru heldur líklegri en þeir eldri til að samþykkja langdræga afturbeygingu í tilvísunarsetningum (tafla 10.14).

<sup>7</sup> Skýrasti munurinn á hlutfallstölunum kemur fram í *e*-dæminu og hann er marktækur við 0,001 markið. Ástæða þess að fylgnistuðullinn er ekki hærrí og fylgnin meiri er sú að mikill meirihluti beggja kynja taldi setninguna ótæka eða vafasama, eins og ráða má af prósentutölunum (þær sýna hversu hátt hlutfall telur setningarnar eðlilegt mál).

### 10.4 Tengsl við búsetu

Hér getum við eins og áður byrjað á því að skoða fornöfn innan ósamsettra málsgreina. Yfirlit yfir dóma um slíkar setningar er sýnt í *töflu 10.19* (sbr. *töflur 10.9–10.11* og fleiri hér framar):

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3001	Við skiluðum <b>Haraldi</b> bókinni <b>sinni</b> .	58,5	66,7	63,0	62,3	61,6	61,2	<b>72,5</b>	54,4
b. T3033	Ég hitti <b>Rínu</b> heima hjá sér.	52,6	53,8	56,0	48,5	54,4	59,3	<b>66,7</b>	50,0
c. T3084	Ég sendi <b>Helgu</b> eina mynd af sér.	59,6	57,7	68,5	65,4	61,5	70,4	63,6	<b>71,0</b>
d. T3056	Ég ræddi við <b>forstjóran</b> á skrifstofunni <b>sinni</b> .	43,9	38,5	48,8	38,1	37,0	44,4	<b>61,5</b>	37,1
e. T3010	<b>Lóa</b> sýndi strax öllum bókina <b>hennar</b> . [hennar = Lóu]	20,8	<b>30,8</b>	14,4	12,7	22,1	20,4	17,1	12,9
f. T3026	Á myndinni halda <b>þær</b> á bikarnum <b>þeirra</b> . [= stelpanna]	33,7	<b>42,3</b>	36,8	32,1	41,9	35,8	28,6	30,6
g. T3027	<b>Hún</b> er alveg eins og mamma <b>sín</b> .	79,6	80,8	79,2	64,9	71,3	<b>84,9</b>	76,6	80,6
h. T3081	<b>Hann</b> er alveg eins og pabbi <b>hans</b> . [hans = Óla]	<b>56,6</b>	30,8	46,3	51,5	<b>56,6</b>	49,1	48,7	44,3

*Tafla 10.19: Jákvætt mat á fornöfnum í ósamsettum málsgreinum, flokkað eftir landshlutum.*

Línur eru ekki mjög skýrar hér enda dæmin af ýmsu tagi. Ef við lítum t.d. á afturbeygð fornöfn með andlagsundanfara (dæmi *a–c*) eru Vestfirðingar hrifnastir af tveim fyrstu dæmunum en Vestlendingar því síðasta, en Vestlendingar kunna aftur á móti ekki vel að meta *b*-dæmið. Vestfirðingar virðast hafa meiri tilhneigingu en aðrir til að nota afturbeygð fornöfn með undanfara í forsetningarlið (*d*-dæmið) en Reyknesingar eru í fararbroddi í því að leyfa persónufornöfn í eignarfalli með frumlagsundanfara (dæmi *e* og *f*) og sá munur er reyndar tölfræðilega marktækur í sumum tilvikum. Aftur á móti eru Reyknesingar manna tregastir til að nota eignarfall persónufornafns í samanburðarlið og vilja miklu heldur nota þar afturbeygt eignarfornafn (dæmi *g* og *h*). Hér vekur líka athygli að hlutfall þeirra sem telja *g*-dæmið eðlilegt mál er hærra en hlutfall þeirra sem telja *h*-dæmið eðlilegt mál í öllum landshlutum þótt munurinn sé mestur á Reykjanesi. Líkt og í ýmsum öðrum tilvikum eru Reykvikingar og íbúar Norðurlands eystra líklegastir til að samþykkja það sem hefur verið talið hefðbundið (þ.e. *h*-dæmið).

*Tafla 10.20* sýnir svo samsvarandi yfirlit fyrir langdræga afturbeygingu af ýmsum gerðum (sjá t.d. *töflur 10.12* og *10.14*).

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3002	<b>Gunnar</b> fer að halda að þú <b>elskir sig.</b>	40,6	<b>61,5</b>	42,4	50,0	42,2	50,0	41,0	43,5
b. T3097	<b>Ólafur</b> vildi að ég <b>tæki</b> mynd af sér.	79,8	<b>92,3</b>	89,6	79,7	83,6	85,2	85,7	85,5
c. T3042	<b>Þeir</b> segja að þú hafir svikið <b>sig.</b>	47,9	56,0	40,8	39,1	40,4	<b>57,4</b>	43,6	37,1
d. T3052	<b>Jón og Ari</b> segja að þú hafir svikið <b>sig.</b>	43,4	38,5	41,6	28,6	40,0	<b>44,4</b>	39,7	38,7
e. T3092	<b>Helga</b> segir að hún komi ef þú bjóðir sér.	46,5	<b>53,8</b>	44,8	39,1	45,5	50,0	41,6	40,3
f. T3037	<b>Hann</b> veit að þú <b>elskar sig.</b>	33,0	38,5	<b>40,8</b>	26,9	30,1	35,2	24,4	37,1
g. T3102	<b>Dóra</b> vissi að ég <b>tók</b> mynd af sér.	32,3	42,3	<b>53,6</b>	43,6	39,6	44,4	42,3	35,5
h. T3105	<b>Hún</b> gerir bara það sem passar sér.	24,5	8,0	<b>25,6</b>	19,5	19,5	18,9	20,5	19,4
i. T3005	<b>Hann</b> gerir bara það sem hentar <b>sjálfum</b> sér.	31,2	<b>33,3</b>	24,0	18,0	17,6	14,8	25,6	29,0

Tafla 10.20: *Jákvætt mat á langdrægri afturbeygingu af ýmsum gerðum, flokkað eftir landshlutum.*

Hér kemur ekki fram mjög skýr munur. Að vísu má segja að Reyknesingar séu manna hrifnastir af hinni hefðbundnu langdrægu afturbeygingu í fallsetningum með viðtengingarhætti (dæmi *a–e*) en Sunnlendingar ef framsöguháttur er í setningunni (dæmi *f–g*). Í hvorugu tilvikinu er þó tölfræðilega marktækur munur á meðaleinkunnum landshlutanna fyrir þessar setningagerðir (*p*-gildið er 0,603 í fyrra tilvikinu skv. F-prófi (ANOVA,  $F_{(7, 706)} = 0,782$ ), í því síðara er  $p = 0,095$  ( $F_{(7, 706)} = 1,746$ )). Þá skera Reyknesingar sig úr að því leyti að þeir vilja ekkert með langdræga einfalda afturbeygða fornafrnið hafa í tilvísunarsetningu (*h*-dæmið) en eru aftur á móti manna hrifnastir af því að hafa samsetta afturbeygða fornafrnið í tilvísunarsetningu (*i*-dæmið). Ekki liggur í augum uppi hvernig helst á að túlka þetta, enda bara eitt dæmi af hvorri gerð.

### 10.5 Lokaorð

Þótt segja megji að niðurstöðurnar úr könnuninni hafi staðfest margt eða flest af því sem málfræðingar hafa haldið fram um dreifingu persónufornafna og afturbeygðra fornafna í íslensku má þó segja að þær hafi sýnt meiri tilbrigði en almennt hefur verið gert ráð fyrir. Meðal áhugaverðra niðurstaðna úr kaflanum má telja þessar:

- Meirihluti þátttakenda leyfir afturbeygð fornöfn með andlagsundanfara í ósamsettum málsgreinum.
- Allmargir leyfa afturbeygðu fornafrni að hafa undanfara inni í forsetningarlið og þeir eru marktækt fleiri í yngri aldurshópunum. Þetta var óvænt.
- Málnotendur eru lítið eitt líklegri til að leyfa eignarfall persónufornafns með frumlagsundanfara innan sömu setningar ef frumlagið er fleirtöluorð en ef það er í eintölu. Ekki var vitað um þessa tilhneigingu áður.

- Meirihluti þátttakenda telur eðlilegt mál að láta afturbeygt eignarforafni í samanburðarlið vísa til frumlags (sbr. *Hann er eins og pabbi sinn*). Það er aðeins í elsta aldurshópnum sem setningar af þessu tagi fá ekki meirihlutafylgi.
- Langdrægu samsettu afturbeygðu forafni í fallsetningum er algjörlega hafnað.
- Langdræg afturbeyging í fallsetningum (skýringarsetningum) nýtur almennt verulegra vinsælda.
- Langdræg afturbeyging í fallsetningum í framsöguhátt er algengari en oftast er gert ráð fyrir í mállysingum og hún virðist sækja á, sbr. að hún fær betri dóma hjá yngri málnotendum.
- Langdrægri afturbeygingu í atvikssetningum er algjörlega hafnað eins og jafnan hefur verið talið.
- Allmargir í yngri aldurshópnum samþykkja langdræga afturbeygingu í tilvísunarsetningum — og þá ekki síður með samsettu afturbeygðu forafni. Þetta kom á óvart.
- Ekki kemur fram skýr fylgni við menntun, kyn né búsetu.

Eins og í mörgum öðrum tilvikum í þessum könnunum reyndist talsvert um innri breytileika í mati á setningunum eins og sjá má ef rýnt er í töflurnar. Í framtíðinni verður líka fróðlegt að bera íslensku þróunina saman við það sem hefur gerst eða er að gerast í nágrannamálunum á þessu sviði (sjá líka umræðu í 24. kafla og í ritum sem þar er vísað til).

### Rit sem vísað er til í þessum kafla

- Anderson, Stephen R. 1986. The Typology of Anaphoric Dependencies: Icelandic (and Other) Reflexives. Lars Hellan og Kirsti Koch Christensen (ritstj.): *Topics in Scandinavian Syntax*, bls. 65–88. Reidel, Dordrecht.
- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 2009. *Íslenska fyrir útlendinga*. Kennslubók í málfræði. 3. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2012. *Germýnd en samt þolmýnd*. Um nýju þolmýndina í íslensku. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1986. Some Comments on Reflexivization in Icelandic. Lars Hellan og Kirsti Koch Christensen (ritstj.): *Topics in Scandinavian Syntax*, bls. 89–102. Reidel, Dordrecht.
- Gísli Rúnar Harðarson. 2008. „*Stella vinkona kom í heimsókn ásamt foreldrum hennar*.“ *Um bindilögmál B og brot á því í íslensku*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1990. Long Distance Reflexives and Moods in Icelandic. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 309–346. Syntax and Semantics 24. Academic Press, San Diego.
- Höskuldur Þráinsson. 1990. A Semantic Reflexive in Icelandic. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 289–307. Academic Press, San Diego.
- Höskuldur Þráinsson. 1991. Long-Distance Reflexives and the Typology of NPs. Jan Koster og Eric Reuland (ritstj.): *Long-Distance Anaphora*, bls. 49–76. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 1992. A Note on Underspecification and Binding. *Harvard Working Papers in Linguistics* 1:73–90.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes

- Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2015. Tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð. Turið Sigurðardóttir og María Anna Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur 8*. Fróðskapur, Þórshöfn.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. The New Impersonal as a True Passive. Artemis Alexiadou, Jorge Hankamer, Thomas McFadden, Justin Nuger og Florian Schäfer (ritstj.): *Advances in Comparative Germanic Syntax*, bls. 281–306. Benjamins, Amsterdam.
- Jón G. Friðjónsson. 2005. Íslenskt mál. 44. þáttur. *Morgunblaðið* 29. janúar, bls. 28.
- Labov, William. 2001b. *Principles of Linguistic Change*. 2. bindi. Social Factors. Blackwell, Oxford.
- Maling, Joan. 1984. Non-Clause-Bounded Reflexives in Modern Icelandic. *Linguistics and Philosophy* 7:211–241.
- Reuland, Eric, og Sigríður Sigurjónsdóttir. 1997. Long Distance ‘Binding’ in Icelandic: Syntax or Discourse? Hans Bennis, Pierre Pica og Johan Rooryck (ritstj.): *Atomism and Binding*, bls. 323–340. Foris, Dordrecht.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. „Það var hrint mér á leiðinni í skólann“: Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál* 23:123–180.
- Strahan, Tania E. 2003. *Long-Distance Reflexives. A Quantitative Study*. Lincom-Europa, München.
- Strahan, Tania E. 2011. A Typology of Non-Local Reflexives in the Scandinavian Languages. *Nordic Journal of Linguistics* 34:157–178.

## SUMMARY

This chapter reports on the results of IceDiaSyn with respect to the distribution of personal pronouns and reflexives. As in other chapters, the emphasis was on issues where there had been some controversy about the facts or where we had reasons to believe that a change might be spreading. The main descriptive issues are the following:

- To what extent do speakers accept (indirect) objects as antecedents of reflexives?
- Do speakers accept NPs inside PPs as antecedents for reflexives?
- Are non-reflexive possessive genitives of personal pronouns ever accepted with subject antecedents (as they are e.g. in Danish if the subject antecedent is in the plural)?
- Are long-distance reflexives restricted to subjunctive complement clauses, as commonly assumed?
- Are complex long distance reflexives ever possible?

While some of the common beliefs were confirmed by our study, it is probably fair to say that the facts turned out to be somewhat more complex than standardly believed. The main points can be summarized as follows:

- Most participants accepted reflexives with object antecedents in simplex clauses (*table 10.1*).



- A rather surprising number of subjects accepted reflexives with an antecedent inside a PP (cf. *table 10.2*), significantly more in the younger age groups (*table 10.10*).
- More speakers accepted non-reflexive possessive genitives of pronouns if the antecedent was a plural subject (“Danish style”) than with a singular antecedent (*table 10.3*).
- Supposedly sub-standard reflexive possessives in comparative phrases were accepted by the majority of the participants, especially in the younger age groups (*tables 10.3* and *10.11*).
- Long distance complex reflexives in complement clauses were completely rejected (*table 10.6*).
- Long distance reflexivization in complement clauses is quite commonly accepted (*tables 10.6* and *10.7*).
- Long distance reflexives in indicative complement clauses are more commonly accepted than has typically been assumed, more so by the younger speakers than the older ones (*tables 10.6* and *10.12* and *figure 10.1*).
- Long distance reflexives in adverbial clauses were rejected (*table 10.8*).
- Some younger speakers accept long distance reflexives in relative clauses, and this also holds for complex reflexives (*tables 10.8* and *10.14*). A similar phenomenon has been found in Norwegian (for some discussion see chapter 24 and references cited there).
- No clear correlations were found between judgments of the sentence types in question and education, gender or geographical area.